



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

KVIK2ÚK05

(Kvikmyndasaga)

Kennari/kennarar:	Stefán Hannesson, stefanhannesson@fsu.is
-------------------	---

Áfangalýsing:

- Í áfanganum verður farið yfir nokkrar af helstu kvikmyndastefnum 20. aldar. Stiklað verður á stóru í þróun kvikmyndalistarinnar með framleiðslu, markaðssetningu, samfélagsmál og efnistöð til hliðsjónar. Lögð verður áhersla á að nemendur öðlist grunnþekkingu á alþjóðlegri kvikmyndasögu þó bandarísk kvikmyndagerð verði fyrirferðamest.
- Viðfangsefni áfangans eru eftirfarandi kaflar í bókinni *Kvikmyndafræði fyrir framhaldsskóla* eftir Arnar Elísson: „Franska nýbylgjan“, „Ameríska nýbylgjan“, „Íslenska kvikmyndavorið“ og „Feminísk kvikmyndafræði“. Einnig verður stuðst við valdar greinar úr öðrum kvikmyndafræðiritum (athugið að sumar þessara greina kunna að vera á ensku).
- Horft verður á kvikmyndir frá tímabilinu, ýmist í beinum tengslum við lesefnið eða til þess að greina myndirnar sérstaklega.

Undanfari: UMHV1SU05 eða ÍSLE2OS05

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Upphaf og þróun kvikmyndataekninnar
- Upphaf og þróun kvikmyndaframleiðslu í Hollywood
- Kvikmyndaframleiðsla í Evrópu
- Kvikmyndir og sagnfræði: Hvernig kvikmyndirnar endurspeglar samfélagsgerð og aðstæður samtímans
- Þær kvikmyndir sem standa upp úr í kvikmyndasögunni
- Áhrifamestu leikstjórnir
- Kvikmyndagerð minnihlutahópa

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Að tengja saman þjóðfélagslegan veruleika og hvernig hann er sýndur í kvikmyndum

- Greina á milli framlags þeirra, annars vegar sem skrifa handrit og leikstýra og hins vegar þeirra sem leika og leikstýra

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Gerast kvikmyndagagnrýnandi
- Gera greinargóða samantekt á heilli kvikmynd í skorinorðu og samanþjöppuðu máli

Námsefni:

- Kvikmyndafræði fyrir framhaldsskóla e. Arnar Elísson (rafrænt eintak á Innu).
- Kvikmyndir sem sýndar verða í kennslustundum.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Dags.	Viðfangsefni	Verkefni og próf
5. – 9. janúar Kennsla hefst 8. jan	Áfanginn kynntur	
12. – 16. janúar	Franska nýbylgjan	Verkefni 1
19. - 23. janúar	Franska nýbylgjan	Kvikmynd og próf 1
26. - 30. janúar	Ameríska nýbylgjan	Verkefni 2
2. – 6. febrúar	Ameríska nýbylgjan	Kvikmynd
9. – 13. febrúar	Ameríska nýbylgjan	Kvikmynd og verkefni 3
16. – 20. febrúar Miðannarmat	Ameríska nýbylgjan	Próf 2
23. – 27. febrúar Vorfrí 23. – 24. feb	Íslenska kvikmyndavorið	Verkefni 4
2. - 6. mars Áfangamessa 4. mars	Íslenska kvikmyndavorið	Kvikmynd og próf 3
9. – 13. mars Valdagur 11. mars	Feminísk kvikmyndafræði	Verkefni 5
16. -20. mars Kátir dagar og Flóafár 18. – 20. mars	Feminísk kvikmyndafræði	Kvikmynd
23. -27. mars	Feminísk kvikmyndafræði	Kvikmynd og próf 4
30. mars – 3. apríl	Páskafrí	
6. -10. apríl 6. apríl páskafrí	Kvikmyndir minnihlutahópa	Verkefni 6
13. – 17. apríl	Kvikmyndir minnihlutahópa	Verkefni 6 og kvikmynd
20. - 24. apríl Sumardagurinn fyrsti 23. apríl	Kvikmyndir minnihlutahópa	
27. apríl – 1. maí Verkalýðsdagurinn 1. maí	Lokaverkefni unnið	Lokaverkefni
4. maí – 8. maí	Lokaverkefnið unnið og kynnt	Lokaverkefni
11. – 15. maí Síðasti kennsludagur 13. maí	Síðasta tækifæri til að kynna lokaverkefni	Lokaverkefni

Sérreglur áfangans:

- Símanotkun er ekki leyfð í tímum, sérstaklega ekki við kvikmyndaáhorf.
- Nemendur sem missa af prófi verða að hafa skýringu skráða á Innu á prófdegi (V, L, W, E eða N). Nemandi sem missir af prófi þarf að semja við kennara um sjúkraprófsdag.
- Ekki er tekið við verkefnum eftir skiladag nema í undantekningartilvikum.
- Kennari tekur einungis við skilaboðum í gegnum Innu eða tölvupósti.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Verkefnavinna	Verkefni 1-6	30%
Próf	Próf 1-5	60%
Lokaverkefni	Lokaverkefni	10%
Samtals		100%

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hvernar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 6. janúar 2026,

Stefán Hannesson.